

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

- a. fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 47,90
- b. fyrir mæla allt að 2" — 95,75
- c. fyrir mæla allt að 3" — 191,50
- d. fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

III. KAFLI.

8. gr. orðist þannig:

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald, sem skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Heimæðagjald
Allt að 400	kr. 8 064,00.
400 — 2 000	— 8 064,00 fyrir 400 m ³ + 6,40 kr/m ³ þar yfir.
2 000 — 6 000	— 18 336,00 fyrir 2 000 m ³ + 5,50 kr/m ³ þar yfir.
6 000 — 10 000	— 40 272,00 fyrir 6 000 m ³ + 4,85 kr/m ³ þar yfir.
meira en 10 000	— 59 616,00 fyrir 10 000 m ³ + 4,20 kr/m ³ þar yfir.

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr. orðist þannig:

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

- a. fyrir mæli allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 176,00
- b. fyrir mæli allt að $1\frac{1}{2}$ " — 2 352,00
- c. fyrir mæli allt að 3" — 4 704,00

10. gr. orðist þannig:

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 588 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Flúða og nágrennis nr. 151 14. mars 1977.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. kr. 119,40 á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús kr. 76,40.

- b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 8,90 mánuði og kr. 42,40 mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
- c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: Fyrir hvern rúmmetra kr. 0,35 á mánuði. Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 5 333,00. Hús 300 m³ til 2000 m³ að utanmáli kr. 5 333,00 fyrir 300 m³ og kr. 3,95 á hvern rúmmetra þar yfir. Hús stærri en 2000 m³ að utanmáli kr. 12 190,00 fyrir 2000 m³ og kr. 3,35 á hvern rúmmetra þar yfir.

Stofngjald fyrir aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 685,00.

Heimæðgjöld á gróðurhús skulu vera þannig:

Gróðurhús að 200 m² skal greiða kr. 5 333,00. Gróðurhús stærri en 200 m² skal greiða kr. 5 333,00 fyrir 200 m² og kr. 8,80 fyrir hvern fermetra umfram 200 m².

6. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld skv. 3. gr. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 539 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

9. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 91,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976 með síðari breytingum.

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld.

- a) Garðyrkjustöðvar kr. 8,15 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 40,00 á mánuði af hverjum rúmmetra.